

NAF Instant Magic

Lýsing:

Five Star Instant Magic frá NAF er fóðurbættir á formi pasta sem er hannaður fyrir hross bæði til að hafa róandi áhrif á þau en einnig til að auka einbeitingu þeirra og þannig hæfileika þeirra til að læra.

Instant Magic inniheldur sérvaldar náttúrulegar jurtir í samblandi við magnesíum sem hefur margþætta eiginleika, en fyrst og fremst er það mikilvægt fyrir heilbrigt taugakerfi og vöðvastarfsemi.

Við hönnun Five Star Instant Magic vörunnar frá NAF var gerð lyfleysu (placebo) þversniðsrannsókn þar sem könnuð voru áhrif vörunnar á bæði stress og einbeitingu hrossa. Rannsóknin sýndi áberandi mun á milli þeirra sem fengu Magic og þeirra sem fengu „lyfleysuna“, aukinni einbeitingu og minna stress, án þess þó að hafa slævandi áhrif. Rannsóknin var birt í ritrýndu blaði og vann svo árið 2019 til „Beta Innovation Award“. Hér fyrir neðan er linkur að myndskreiði sem sýnir hugsunina á bakvið vöruna.

NAF Instant Magic fylgir reglum FEI um magnesíum og er því öruggt að nota fyrir öll hross.

Samsetning:

Magnesíum klóríð, glýserín.

Aukaefni per kg

Innihaldsefni	Skráningarnúmer	Magn
Jurtir		
Withania tincture	N/A	355 ml
Hops tincture	N/A	177 ml

Greiningarþættir:

Hráprótein	0,7 %
Hráfita	0,4 %
Hráaska	6,8 %
Hrátrefjar	0,1 %
Natríum	0,1 %
Rakainnihald	63,2 %

Notkunarleiðbeiningar:

Gefið hrossinu eina túpu 1-1 ½ klst. áður en slakandi áhrifa er óskað. Í sumum tilfellum getur verið þörf á að gefa einnig eina túpu kvöldinu áður. Virkar sérstaklega vel þegar gefið er samhliða Magic Liquid frá NAF.

Geymsla:

Vara geymist í allt að 24 mánuði frá framleiðsludegi. Geymist við stofuhita.

Nettóþyngd: 3 x 30 ml